

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 16/2015.

Reykjavík, 20.08.2015
2015080180

Efni: Innköllun á Nammiklöttum

Myllan hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla frá neytendum Nammiklatta vegna vanmerktra ofnæmis- og óþolsvalda (**möndlur, valhnetur, pekanhnetur og sesamfræ**).

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki: Myllan
Vöruheiti: Nammiklatti
Strikanúmer: 5690568041628
Umbúðir: Filma og límmiði
Nettómagn: 90 g
Best fyrir: Allar „best fyrir“ dagsetningar
Framleiðsluland: Ísland
Dreifing: Verslanir um land allt

Möndlur, valhnetur, pekanhnetur og sesamfræ eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Því er um að ræða matvæli sem geta valdið neytendum heilsutjóni. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru með ofnæmi fyrir ofangreindum ofnæmis- og óþolsvöldum eru beðnir að neyta hennar ekki og farga henni eða skila í verslunum þar sem hún var keypt eða hjá Myllunni, Skeifunni 19 milli 8 og 16 alla virka daga.

Frekari upplýsingar fást hjá gæðadeild Myllunnar í síma 5102379/netfang: dagny@myllan.is

